

**Ed.**

**478. Frumvarp til laga**

[68. mál]

um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.

(Eftir 3. umr. í Nd., 17. apríl.)

1. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt að gefa út sérstakan flokk vaxtabréfa í þeim tilgangi að breyta í föst lán lausaskuldum iðnfyrirtækja, sem skylt er að greiða iðnlánasjóðsgjald, samkvæmt ákvæðum laga nr. 45 3. apríl 1963, og hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma til framkvæmda, sem þau hafa ráðizt í á árunum 1957—1962, að báðum árum meðtöldum.

Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar, sem Iðnlánasjóður stofnar til samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og takmarkast ábyrgðin eigi af ákvæðum 1. mgr. 6. gr. laga um Iðnlánasjóð.

2. gr.

Lán samkv. lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum og vélum iðnfyrirtækja. Áður en lán er veitt, skal fara fram nýtt mat hinna veðsettu eigna, þar sem þær skulu metnar til endurkaupsverðs að frádregnum afskriftum, er miðist við rýrnun eignarinnar frá því, að hún varð til.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn Iðnlánasjóðs, að fengnu álitni stjórnar Seðlabanka Íslands og með samþykki iðnaðarmálaráðherra.

3. gr.

Að því leyti, sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði laga nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

4. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara og skilyrði fyrir lánveitingum, svo sem ákvæði um lánstíma og hámark veðskulda af matsverði veðs að höfðu samráði við bankana.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.